



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 178

Svala Nielsen

söngkona

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 178

Svala Nielsen

Formáli

Svala Sigríður Hjartardóttir Nielsen er fædd í Reykjavík 5. desember 1932, dóttir hjónanna Marzelínu Friðriksdóttur Nielsen og Hjartar Aage Nielsen, bryta á Hótel Borg, síðar kaupmanns í Reykjavík. Hjörtur stofnaði verslunina Hjörtur Nielsen sem var í árafjöld til húsa við Templarasund og seldi kristalsvöru og bolla- og matarstell; fyrsta verslun þeirrar tegundar hér á landi.

Svala er fædd í Tjarnargötu 10B, fluttist þaðan 4 ára gömul á Sólvallagötu 3, flutti svo 1940 með foreldrum sínum og bróður á Reynimel 52 og bjó þar til ársins 1962.

Þá flutti hún á Bræðraborgarstíg, síðan Hagamel og síðan á Meistaravelli 31.

Svala giftist Ragnari Þjóðólfsyni, sonur þeirra er Rafn, flugvirki, fæddur 31. ágúst 1957, látinn 23. júlí 1987.

Svala lærði söng á Ítalíu og Þýskalandi og er þjóðkunn óperusöngkona. Hún hefur m.a. sungið hlutverk Rósalindu í Leðurblökunni, Súzúki í Madame Butterfly og hlutverk einnar þriggja ástkvenna Hoffmanns í Ævintýri Hoffmanns. Hún söng einnig mikið í útvarp eða í ein 30 ár og fór í söngferðalög með karlakórum. Hún söng og við jarðarfarir, giftingar og skírnir og við önnur tækifæri. Svala söng í frumflutningi á 9. sínfóníu Beethovens og í Requiem eftir Verdi. Þá gaf Svavar Gests út plötu með Svölu. Svala söng m.a. undir stjórn Carls Billich, Róbert Abrahams Ottóssonar, Fritz Weisschappel og Victors Urbancic.

Hlutverkaskrá Svölu Nielsen í Þjóðleikhúsinu, óperu- og óperettuhlutverk:

Greifafrúin í Rígólettó, eftir Verdi – fyrsta einsöngvarahlutverk hennar í Þjóðleikhúsinu.

Inez í Il Trovatore, eftir Verdi, árið 1963.

Súzúki í Madame Butterfly, eftir Puccini, árið 1965.

Antonía í Ævintýri Hoffmanns, eftir Offenbach, árið 1966.

Marta í samnefndri óperu, eftir Flotow, árið 1967.

Rósalinda í Leðurblökunni, eftir Jóhann Strauss, yngra, árið 1974.

Mercedes í Carmen, eftir Bizet, árið 1975.

Móðirin í Amal og næturgestirnir, eftir Menotti, frumsýnt í Tjarnarbæ á annan í jólum árið 1962, og síðan sýnt í Ríkissjónvarpinu, árið 1973.

Hanna í Meyjarskemmunni, eftir Schubert, fyrir Ríkisútvarpið, árið 1967, bæði leikið og sungið.

9. sínfónía Beethovens, frumflutt í Háskólabíói árið 1966, Svala Nielsen söng þar einsöng ásamt Sigurveigu Hjaltsted, Sigurði Björnssyni og Guðmundi Jónssyni; aftur flutt árið 1971 og 1983.

Sálumessa Verdis, flutt árið 1968, einsöngvarar: Svala Nielsen, Rut L. Magnússon, Magnús Jónsson og Jón Sigurbjörnsson.

Te Deum, eftir Dvorák, árið 1972, einsöngvarar: Svala Nielsen og Guðmundur Jónsson.

Stabat Mater, eftir Dvorák, einsöngvarar Svala Nielsen, Guðrún Á. Símonar og Jón Sigurbjörnsson, árið 1972, Magnús Jónsson söng með árið 1973.

Requiem, eftir Cerubini.

Stabat Mater, eftir Pergulese, ásamt stúlknakór og hljómsveit í Kirkju Óháða safnaðarins, einsöngvarar Svala Nielsen og Solveig Björling, stjórnandi Guðmundur Emilsson, árið 1973.

Svala söng með Karlakór Reykjavíkur, bæði heima og erlendis. Hún söng í heimsókn Íslendinga á Heimssýninguna í Kanada 1967 og Miðjarðarhafslönda 1966.

Svala söng einnig með Fóstbræðrum á styrktartónleikum þeirra.

Þá söng Svala ameríska negrasálma á tónleikum með Pólýfónkórnum í Gamla bíói, stjórnandi var Ingólfur Guðbrandsson.

Svala söng einnig fyrir Íslendingafélögin í New York og Kaupmannahöfn.

Flest skjölin tilheyrðu Svölu, en nokkur koma úr eigu fjölskyldu hennar.

Svala afhenti Borgarskjalasafni gögnin til varðveislu í október 2000; þá afhenti hún skjöl 27. okt., 23. nóvember 2001, 29. janúar 2002, 7. maí 2002, 23. október 2003 og 24. ágúst 2006.

Askja nr. 2 - Trúnaðarmál

Skjalaskrá

Askja 1

Fæðingarvottorð Svölu Sigríðar Nielsen.

Skólareglubók úr Landakotsskóla 1942-1946, svonefnd Svarta bókin. Í bókinni er að finna, fremst og aftast, prentaðar reglur skólans; handskrifaðar fjarvistir eru þarna skráðar sem og skýringar foreldris á því hvers vegna barnið kom of seint.

Einkunnabók merkt Svölu úr 10. ára deild Landakotsskóla 1942-1943.

Spjald með mynd af Maríu guðsmóður. Aftan á því stendur skrifað: Geymdu trygð og trú í hjarta / treystu drottinni alla tíð. / Guðdóms ástarbirtan bjarta / brosi við þér ár og síð. Systir M. Clementia 30/3.-46.

Skírteini um fullnaðarpróf Svölu úr Landakotsskóla vorið 1940. G. Boots skólastjóri ritar undir prófið, Aðalbjörg Sigurðardóttir er prófdómari.

Grafskrift ekkjufrúar Sigríðar Blöndal, f. 1. desember 1835, dáin 10. september 1913. Sigríður var amma Hjartar Nielsen, langamma Svölu, dóttur hans.

Mat- og vínseðill frá veitingahúsinu The Midnight Sun Restaurant í Montréal í Kanada. Það var snæddur kvöldverður á Scandinavian Pavilion í tengslum við Expo 67 – heimssýninguna í Montréal árið 1967. Matseðillinn er áritaður C.C. Thorup. Utan um mat- og vínseðilinn er slegið umslagi með landabréfi að innan;

kortið er ljósrit í lit af landabréfi anno 1539 af Norðurlöndunum og svæðinu þar um kring. Á framanverðri kápu er stimplað í bláu heiti Norðurlandanna fimm á þremur málum.

Kynningarbæklingur: Album Souvenir Book frá Expo 67 í Montréal í Kanada. Ísland er þátttakandi í heimssýningunni.

Kynningarbæklingur frá Sápu- og kertagerð Hreins; verksmiðjan var staðsett í Skjaldborg við Skúlagötu í Reykjavík og var stofnuð 1922 í þeim tilgangi að framleiða sápur, kerti, skóáburð og aðrar kemískar vörur. Bæklingurinn er prentaður vegna á lönsýningarinnar í Reykjavík árið 1924.

Myndaalbúm með ljósmyndum af leiðmörkum úr Hólavallakirkjugarði

við Suðurgötu. *Fært safninu 29. janúar 2002:*

Almanak um árið 1925, 1926, 1932, 1935, 1936, 1938, 1947, 1950; sum hver illa farin.

Ljósmynd af Hirti Nielsen bryta hjá Eimskipafélagi Íslands 1920-1932.

Ljósmyndir teknar um borð í Gullfossi?, Lagarfossi, Willemoes 1921; Blankenes 1928, Hjörtur Nielsen á þeirri mynd og sennilega fleirum. Í Fuji Film-umslagi.

Hörpuljóð. 100 íslenzkir söngtextar. Jón frá Ljárskógum safnaði og gaf út. Ísafjörður 1942. Árituð: Svala Sigríður Nielsen Með beztu óskum um gleðileg jól og gott nýtt ár frá Valgarði. Jól 1943. Inn á kápu bókarinnar eru límdar tvær myndir, við aðra er ritað af Svölu: Valgarður, við hina er skrifað: móðir hans Fanney var hálsystir móður minnar.

Jakobína Johnson: Kertaljós. Úrvalsljóð. Reykjavík 1939. Á forsíðu er áritað: Frk. Svala Sigríður Nielsen Með beztu óskum um gleðileg jól og gott nýtt ár frá Ingu, Bjartmar og Valgarði.

Stefán Júlíusson: Kári litli og Lappi. Saga fyrir lítill börn. Með myndum eftir Óskar Lárus. Reykjavík 1938. Áritun á saurblaði hljóðar svo: Til Lailu frá Eggert og Völlu Jólin 1939. Tvær ljósmyndir eru þarna af Valborgu og Eggerti með Lailu (Svölu) á milli sín. Ein glansmynd er límd innan á kápu.

Johanne Grieg Cederbla: Æfintýri Péturs og Grétu. Barnasaga. Sigurður Skúlason íslenzkaði. Reykjavík 1940. Áritun á saurblaði hljóðar: Ungfr. Svala Sigríður Neilsen (svo) Til hamingju með afmælið, 1940. Axel. Innan á kápu er merkt ljósmynd af Axel Helgasyni F. 12 apríl 1913. D 17 júlí 1959.

Askja 2 - Trúnaðarmál

Bók með eiginhandaráritunum; innan á kápu er bókin merkt: Hjörtur Níelsen. Hjörtur var bryti á Hótel Borg; bókin mun þó síðar hafa verið í eigu sonar hans, Sophusar Jørgens Nielsen. Eftirtaldir hafa ritað nöfn sín í bókina:

Áletrun á dönsku, 18.11.1946. Líklega Wandy Tworek, fiðluleikari

Árni Pálsson (prófessor, 1878-1952)

?

Hans He?, Vedel, K. v. Howzow

Vilhjálmur Stefánsson 26. 7. 1949 (mannfræðingur og landkönnuður, 1879-1962)

M.D. Barley ???

Erling Blöndal Bengtsson; Valdimar Bengtsson, 23.5.1940 (Erling er sellóleikari og prófessor, 1932-)

Tyrone Power 23.11. 1947 (kvikmyndaleikari 1914-1958)

Stefán Íslandi 13.9. 1945 (tenórsöngvari, 1907-1994)

Else Brems 28.6. 1946 (mezzósópransöngkona, 1908-?)

Adolf Busch; Hermann Busch 26. 6. 1947 (Adolf var fiðluleikari og tónskáld, 1891-1952; Hermann var sellóleikari, 1897-1975; þeir ásamt bræðrum sínum spiluðu saman í kvartett.

María Markan Östlund; Georg Östlund 27.11. 1946 (María var sópransöngkona, 1905-1995).

Jóhannes S. Kjarval (spjald límt í bókina) (listmálari, 1885-1972)

Jóhann K. Pétursson; Valur Norðdahl (Jóhann Svarfdælingur, einnig títt nefndur "risi" sökum hæðar sinnar, var fjölleikahúsmaður, 1913-1984)

Isman Fnach 22. 6. 1950.

? 29. 6. 1950.

George S. Howard (U.S. Air Force Symphony).

Jerome Kearn??

Bill Du Pree?

Bill Jones?

Isaac Stern 1955 (fiðluleikari, 1920-2001).

Róbert A. Ottósson 9. 1. 1955 (hljómsveitar- og söngstjóri, 1912-1974)

Satchmo Louis Armstrong (jazzleikari og söngvari, 1900-1971).

Daniel Barenboim og Jacqueline de Pré (Barenboim er píanóleikari og hljómsveitarstjóri, 1942- ; du Pré var sellóleikari, 1943-1987). Hjólin munu hafa komið hingað 1970.

Tveir minnispeningar úr málm, húðaðir með gyllingu og skreyttir lárviðarsveigum og nótum; öðru megin er áletrun: Söngurinn göfgar. Söngför til Ameríku 1946; hinu megin: Karlakór Reykjavíkur tuttugu ára 1926-1946.

Samningur milli Þjóðleikhússtjóra Guðlaugs Rósinkrans og Svölu 22. apríl 1963 til að syngja hlutverkið Inez í óperunni Il trovatore eftir Verdi.

Samningur milli Þjóðleikhússtjóra Guðlaugs Rósinkrans og Svölu 5. maí 1965 um hlutverk Suzuki í óperunni Madam Butterfly eftir Puccini.

Samningur milli Þjóðleikhússtjóra Guðlaugs Rósinkrans og Svölu 22. apríl 1966 um hlutverkið Antonia í óperunni Ævintýri Hoffmanns eftir J. Offenbach.

Samningur milli Guðlaugs Rósinkrans og Svölu 30. nóv. 1966 um hlutverkið Lady Harriet í óperunni Martha eftir Flotow.

Samningur milli Þjóðleikhússins og Félags íslenskra leikara dags. 31. ágúst 1973 um ráðningarkjör í einstök hlutverk.

Samningar milli Svölu Nielsen og Þjóðleikhússtjóra Sveins Einarssonar um ráðningu í einstök hlutverk í söngleikjum: Rosalinda í Leðurblökunni eftir Johann Strauss, 28. sept. 1973 og Mercedes í Carmen eftir Bizet, 13. mars 1975.

Samningur milli Musica Nova, Sigurðar Markússonar og Svölu um hlutverk í Amahl og næturgestirnir eftir Gian-Carlo Menotti, 1962.

Vegabréf Svölu Nielsen 1948, 1951, 1955, 1962, 1966 í plasthulstri merktu Ícelandair, Flugfélag Íslands.

Afmælisdagabók með nöfnum: The Tennyson Birthday Book. From the writings of Alfred Lord Tennyson. Þórunn Nielsen, f. 1868, virðist vera sú elsta sem ritar í hana.

Ísafjörður aldarafmæli. Hátíðarrit. Dagskrá hátíðahaldanna 15. júlí til 17. júlí. Högni Torfason tók saman. Útg. Afmælishátíðarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar. Ísafirði, Prentstofan Ísrún, 1966.

What do you know about Iceland, 1941?

Nýárskort 1948, með teikningu eftir Höskuld Björnsson.

Söngbók yngstu deilda K.F.U.M. og K.F.U.K. Prentsmiðjan Edda h.f. 1940; árituð Svala Nielsen (barnahönd).

Bæklingur: Sinfóníuhljómsveitin 1950-53 með myndum af einleikurum og einsöngvurum, m.a.: Hermann Hildebrandt hljómsveitarstjórnanda og Diana Eustrati óperusöngkonu; myndirnar eru báðar áritaðar með eigin hendi.

Leikhúsmál, 1.-5. tbl., 1. árg. 1963; tvö eintök af fyrsta tölublaði.

Leikrit: Júpíter hlær, sjónleikur í þremur þáttum, eftir A.J. Cronin; Ævar R. Kvaran þýddi. Leikritasafn Menningarsjóðs. Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1955, Leikritasafn Menningarsjóðs, nr. 12.

Tímarit: 19. júní, 18. árg. 1968.

Rit um ameríska söng- og kvikmyndaleikkonu: Deanna Durbin. Æskuskeið hinnar ungu kvikmyndaleikkonu með myndum, eftir Gunhild Horne – Rasmussen; Sigurður Skúlason íslenskaði, Reykjavík án árt.

Sönglagatextar: Hljómsveit Svavars Gests og Lúdósextett og Stefán.

Kvikmyndarprógram: Casanova den store Elsker.

Prógröm: Tónlistarfélagið (Blanche Thebom, William Hughes, Isaac Stern, Alexander Zakin, Christian Ferras, Pierre Barbizet), Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna (tónleikar og listdans, áritað listamönnunum), Karalakórinn Fóstbræður ásamt einsöngvurum, Söng- og óperuskólinn Vincenzo Maria Demetz, Félag íslenskra organleikara og Tónlistarfélagið (áritað af E. Power Biggs; Söngskemmtun í Gamla bíói (Snæbjörg Snæbjarnardóttir, sópran), Sigurveig Hjaltsted, alt), Kveðjutónleikar í Þjóðleikhúsinu (Tatjana Kravtsenko, Pavel Lísítsían (áritað af þeim)

Breyting á leikendaskrá: Dora Lindgren (áritað af Doru 9.6. 1953)

Söngkennslubók eftir Sigfús Einarsson, fyrra hefti, Reykjavík 1924, árituð: Svala Nielsen 1968.

Söngkennslubók fyrir byrjendur eftir Jónas Helgason, 6. hepti, Reykjavík 1896.
Almenn söngfræði handa byrjendum í og utan skóla, eftir Sigfús Einarsson, 2. útg., Reykjavík 1916, merkt Svölu Nielsen á kápu og á bakhlið titilblaðs; á titilblaði merkt Vigdísí Bjarnadóttur frá Akureyjum.

Trúnaðarmál til ársins 2020: Póstkort, nítján að tölu, 1956. *Fært safninu í nóvember 2001 í tilefni skjaladagsins 10. nóvember sem helgaður var ástinni.*

Askja 3

Plaköt. Héraðsmót Sjálfstæðisflokksins Sævangi föstudaginn 5. júlí 1974. Svala Nielsen, Jörundur Guðmundsson, Hljómsveit Ólafs Gauks, Svanhildur og Ágúst Atlason annast fjölbreytt skemmtiatriði.

Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur léttu klassíska tónlist í félagsheimilinu Kirkjuholi laugardaginn 22. sept. Stjórnandi Páll P. Pálsson. Einsöngvari: Svala Nielsen, ca. 1979, tvö eintök, annað áritað hljómsveitarmedlimum.

Fært safninu í nóvember 2001 í tilefni skjaladagsins 10. nóvember sem helgaður var ástinni:
Grafskriftir: Ekkjufur Sigríður Blöndal, fædd 1. desember 1835, dáið 10. september 1913; Þórunn Nielsen, fædd 28. janúar 1869, dáið 14. maí 1941.

Jólaort, fimm að tölu, handgerð af Jóhönnu Svölu, sonardóttur Svölu.

Minningarkort, þrjú, Krists konungs kirkja, Barnauppeldissjóður Thorvaldsensfélagsins, Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa: Til minningar um Marzelínu Nielsen er andaðist í febrúar 1969.

Matseðill: m/s Gullfoss, 1952. Áritaður.

Teikningar eftir Svölu Nielsen, líklega úr Landakotsskóla, 1942.

Ljóð: Frelsi, eftir (þýtt að hluta) Jóhönnu Svölu Rafnsdóttur, sonardóttur Svölu Nielsen.

Vinnubækur, tvær, A5, með ljóðum, merktar Jóhönnu Svölu. Þarna eru ljóð og teikningar við ljóðin.

Vinnubók, A4, með ljóðum eftir kunn skáld sem og frumsamin, merkt Jóhönnu Svölu. Fjöldi teikninga við ljóðin. Aftast í bókinni stendur: „Þessi vinnubók er alveg frábær. Skrift, frágangur og allar teikningarnar, allt er þetta mjög vel gert. Síðast en ekki síst eru það svo ljóðin þín, sem er svo gaman að lesa. Geymdu þessa vinnubók vel og lengi.”

Jólaort, tvö, handgerð af Jóhönnu Svölu, 1992, 1997.

Plagat: Tobbi trúður.

Veski úr leðri undir vegabréf, merkt Útvegsbanka Íslands.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir

Barst 1. mars 2002:

Mappa með teikningum eftir Rafn Ragnarsson, einkason Svölu Nielsen, úr 1. bekk Hagaskóla, 1969, 1970.; tvö próf, annað í dýrafræði, hitt í ensku. *Barst 1. mars 2002*

Teikniblokk. Teikningarnar eru eftir Jóhönnu Svölu Rafnsdóttur, sonardóttur Svölu Nielsen; myndirnar eru teiknaðar 1993. *Barst 7. maí 2002:*

Útfararskrár 1994-2002, 70 talsins; Svala Nielsen söng einsöng við flestar útfarirnar.

Jólasöngvar í Dómkirkjunni, 1994. *Fært safninu 5. september 2003:*

Útfararskrár 20.02.2003: Hjálmtýr E. Hjálmtýsson, d. 2002, Gunnar R. Bjarnason, d. 2002, Jóhannes Eggertsson, d. 2002, Margrét Eggertsdóttir, d. 2003. *Fært safninu 23. október 2003:*

Myndaalbúm með ljósmyndum af leiðmörkum úr Hólavallakirkjugarði við Suðurgötu og minnismerkjum og gömlum húsum víðs vegar um Reykjavík, einkum þó miðbænum.

Hólkur

Plakat eftir Jóhönnu Svölu Rafnsdóttur: Máluð mynd af unglingi fyrir og eftir vímuefnatöku. Myndina vann Jóhanna Svala í tengslum við skólaverkefni árið 1994 um varnir gegn vímuefnum. Jóhanna var þá 16 ára gömul.

Skráð Ragnhildur Bragadóttir

Skjöl afhent Borgarskjalasafni 24. ágúst 2006

Félagsblað Íþróttafélags Reykjavíkur: 1. árg. 1926.1. 2. og 4 tbl. 2. árg. og 3. tbl. 1927.

Íþróttablaðið 1. árg. 1935 1.-2. tbl. og 5.-6. tbl.

Þróttur: 1. ár. 1918, 4.tbl.

2. ár 1919, 2. tbl.

3. ár 1920, 8. tbl.

4. ár 1921, 4. tbl.

5. ár 1922, 1. janúar, 1. sumardag, 17. júní, 20. des.

Sundbók ÍSÍ II. hefti með 25 myndum, útg. 1921.

Sóttvarnbók. Almennar reglur um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma og Sótthreinsunarreglur 12.10.1912, útg. 1912 á landssjóðs kostnað.

Efnisyfirlit yfir tónleika o.fl. 1967-1983 og án árs.

Skráð í febrúar 2007, Guðjón Indriðason